

Niðurstöður PISA rannsóknarinnar 2006

OECD birti þriðjudaginn 4. desember niðurstöður alþjóðlegrar samanburðarrannsóknar sem Ísland tók þátt í árið 2006 (PISA). [PISA](#) er stærsta samanburðarrannsóknin á frammistöðu menntakerfa í heiminum en í rannsókninni er könnuð kunnátta 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í 57 löndum. Þessi könnun var einnig lögð fyrir árin 2000 og 2003. [Námsmatsstofnun](#) sá um framkvæmd rannsóknarinnar á Íslandi og tóku allir grunnskólar og velflestir nemendur 10. bekkjar þátt í henni. Í könnuninni núna var sérstök áhersla á náttúrufræði þar sem reyndi á þekkingu nemenda á ýmsum sviðum raunvísinda, færni þeirra til að túlka vísindalegar staðreyndir og nota vísindaleg rök.

Í niðurstöðum [skýrslunnar](#) kemur fram að í öllum greinum hefur staða Íslands miðað við aðrar þjóðir versnað milli áruna 2000 og 2006, mest í lesskilningi en minnst í stærðfræði. Í náttúrufræði lendir Ísland í 27. sæti af 57 löndum, rétt fyrir neðan meðaltal OECD landa. Í lesskilningi lendir Ísland í 24. sæti, einnig rétt fyrir neðan meðaltal OECD, og í 17. sæti í stærðfræði, rétt fyrir ofan meðaltal OECD. Þegar undirfög náttúrufræðinnar eru borin saman kemur í ljós að íslenskir nemendur eru slakastir í líf- og vistfræði, næstbestir í eðlis- og efnafræði en sterkastir í jarð- og stjórnufræði.

Í lesskilningi hefur frammistöðu íslenskra nemenda hrakað marktækt frá árinu 2000. Þeim nemendum sem lenda í lægsta hæfnisþrepinu fækkað, bæði í lesskilningi og náttúrufræði. Þá hefur frammistaða nemenda eftir landshlutum breyst á milli rannsókna. Vestfirðir, Norðurland eystra og vestra sýna bestu frammistöðu landshluta en Austurlandi ásamt Reykjavík og nágrenni hrakar mest frá árinu 2000.

Þessi niðurstæða veldur vonbrigðum. Ekki er ásættanlegt að árangur íslenskra nemenda sé ekki betri, sérstaklega í ljósi þess mikla uppbyggingar- og þróunarstarfs sem átt hefur sér stað í skólum landsins á undanföllum áratugum og þeirrar staðreyndar að fáar aðrar þjóðir verja jafn miklu fjármagni til grunnskólastigsins. Brýnt er að leita skýringa á þessari útkomu og þurfa skólayfirvöld, sveitarstjórnir, skólastjórnendur og kennarar að fara í saumana á þessum niðurstöðum og draga af þeim lærdóm. [Menntamálaráðherra](#) treystir því að frumvörp til laga fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, ásamt frumvarpi um kennaramenntun, sem nýlega voru lögð fram á [Alþingi](#), skapi forsendur fyrir bættum árangri nemenda en þar er meðal annars gert ráð fyrir lengingu kennaramenntunar og skilvirkara mati á skólafarfi.

Samningur milli Færeyja, Grænlands og Íslands

[Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir](#) menntamálaráðherra, [Jógvan Á Lækjuni](#) menntamálaráðherra Færeyja og [Tommy Marø](#) menntamálaráðherra Grænlands undirrituðu þann 29. nóvember síðastliðinn [samstarfssamning](#) milli landanna um mennta-, menningar- og vísindamál. [Samningurinn](#) gildir til næstu þriggja ára. Markmiðið með honum er að styrkja og þróa menningarsamskipti milli landanna þriggja í Útnorði.



Vestnorrænir menntamálaráðherrar; Tommy Marø, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Jógvan Á Lækjuni

Árið 2008 verður helgað verkefnum á sviði handverks og hönnunar. Einkum verður horft til hönnuða og handverksfólks af yngri kynslóðinni í þessu vestnorræna átaki. Árið 2009 verður áherslan á óformlegar menntunarleiðir í sjálfbærri þróun. Nýting auðlinda verður að byggja á sjálfbærum grundvelli, bæði með tilliti til þjóða og alþjóðasamfélagsins. Árið 2010 verður efnt til sumarnámskeiða fyrir ungt fólk í Útnorði. Með verkefninu verður ungmennum frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum gert kleift að kynnast hvert öðru og afla sér meiri þekkingar á löndum hvers annars.

Við þetta tækifæri voru ráðherrarnir sammála um að samstarf á sviði menningar, mennta og vísinda hefði mikla þýðingu fyrir hið vestnorræna samstarf.

Menningarstyrkir Eypings

Verkefnastyrkjum [Menningarráðs Eypings](#) var úthlutað í Þorgeirskirkju við Ljósavatn 28.

nóvember síðastliðinn. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkir styrkir eru veittir frá því að [menningarsamningur menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis](#) við sveitarfélögin á Norðurlandi eystra tók gildi í vor sem leið. Alls fengu 25 verkefni styrk sem nam 12.265 þús. kr. Hæstu styrkirnir fóru til eftirtalinnna verkefna:

- Arnór B. Vilbergsson og Guðjón Davíð Karlsson, Leikum saman
- Fígúra ehf, Klókur ertu - Einar Áskell
- Tónvinafélag Laugarborgar, Vetrardagskrá Tónlistarhússins Laugarborgar



Styrkþegar menningarstyrkja Eypings

Fermingarfræðsla í grunnskólum

Í tilefni af þeirri umfjöllun sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum um nýlegt bréf [menntamálaráðuneytis](#) um ferðir grunnskólanemenda í tengslum við fermingarfræðslu vill ráðuneytið taka fram að þar er áreittað að grunnskólum er ekki heimilt að skipuleggja slíkar ferðir á skólatíma.

Í bréfinu er lýst þeim markmiðum [aðalnámskrár](#) að ekki sé gert ráð fyrir því að fram fari fermingarundirbúningur í grunnskóla í þeim kennslustundum sem ætlaðar eru til kennslu í skyldunámsgreinum.

Skal áreittað að samkvæmt [8. gr. grunnskólalaga](#) er skólastjórum engu að síður heimilt að veita nemendum leyfi að ósk foreldra ef til þess liggja gildar ástæður. Óski foreldrar eftir því að börn þeirra fái leyfi úr grunnskóla vegna fermingarfræðslu er skólastjóra að sjálfsögðu heimilt að veita slíkt

leyfi hér eftir sem hingað til.

Menntamálaráðuneyti leggur áherslu á gott samstarf skóla og kirkju um fermingarfræðslu og mun hafa samráð við [Biskupsstofu](#), sveitarfélög og grunnskóla um hvernig fyrirkomulagi hennar verður best háttað.

Nýr vefur opnaður

[Menntamálaráðherra](#) hefur lagt fram á [Alþingi](#) fjögur frumvörp til laga; um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Með þessum fjórum frumvörpum birtist heildstæð stefnumörkun um menntun íslenskra barna og unglinga allt frá leikskóla að háskóla.

Við gerð frumvarpanna hafa hagsmunir barna og ungmenna verið hafðir að leiðarljósi. Leitast er við að auka möguleika þeirra til menntunar og þroska og tryggja velferð þeirra og öryggi eins og framast er kostur. Enn fremur er að því stefnt að efla skólana svo að þeir geti komið til móts við þarfir og áhuga sérhvers nemanda og gert honum kleift að njóta hæfileika sinna til fulls.



Vefurinn nymenntastefna.is

[Menntamálaráðuneyti](#) hefur ákveðið að koma á vettvangi til að auðvelda aðgengi að frumvörpum til nýrrar menntastefnu. Opnaður hefur verið vefurinn [nymenntastefna.is](#) þar sem meðal annars er hægt að nálgast frumvörpin, skoða svör við ýmsum álitamálum, fylgjast með umræðum um málið á Alþingi og senda inn fyrirspurnir um frumvörpin og þær breytingar sem þau fela í sér.

